



FÉLAG ELÐRI BORGARA
Á AKUREYRI

2. stjórnarfundur EBAK 24. ágúst 2021 kl. 15.30

Mættir: Hallgrímur Gíslason, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Garðar Lárusson, Birgir Svavarsson, Eva B Magnúsdóttir, Friðrik Vagn Guðjónsson og Helga Eymundsdóttir.

Fjarverandi: Sigurður Harðarson, Torfhildur Þorgeirsdóttir Helgi Aðalsteinsson

1. Fundarsetning kl.15:30.

2. Fundargerðir. Farið yfir fundargerð 1. stjórnarfundar og aðalfundar 2021. Báðar fundargerðirnar voru samþykktar.

3. Viðvera. Í Bugðusíðu 1. september Eva, 8. september Hallgrímur, 15. september Garðar. Viðvera í Víðilundi verður eftir 1. október.

4. Næsti stjórnarfundur EBAK verður 15. september kl. 15:30

5..Starfið:

a. Dreifing LEB blaðsins. Gekk betur en í fyrra.

b. Göngur. Gönguhópar á Þriðjudögum og fimmtudögum hafa verið virkir í sumar.

c. Haustdagskrá félagsmiðstöðvanna. Efni í haustbækling var til fyrir 15. ágúst. Bæklingurinn er ekki komið út. Það hefur ekki verið mikið sótt í félagsmiðstöðvarnar í sumar. Viðvera starfsfólks í Bugðusíðu hefur verið glöppótt.

d. EBAK og Bugðusíða 6.-15. sept. 6. - 7. september verður engin starfsmaður í félagsmiðstöðunum vegna ferðar til Reykjavíkur. 8.-15. september verða starfsmenn aðeins til kl. 12:00. Hallgrímur sendi athugasemd til forstöðumanns og bæjarstjóra. Það þarf að dekkja opnun í Bugðusíðu með sjálfboðavinnu.

e. Spjaldtölvukynningar. Stefnt að spjaldtölvunámskeiðum í október

f. Undirskriftasöfnun. Undirskriftarlisti hefur borist frá hópi félaga um lausnir í húsnæðismálum EBAK. Skorað á stjórn að leitast við að fá félagsaðstöðu á jarðhæð í fjölbýlishúsi Búfestis á Jötunfellsreitnum.

6. Þingkosningar.

Það hefur borist blað frá Lands sambandi eldri borgara með áherslum sem ræddar voru á Landsþingi LEB í maí og tilmæli um að ræða við frambjóðendur til Alþingis um þessi áhersluatriði.

7. Sími á skrifstofu. Stilla þarf símann á skrifstofu þannig að símtöl verði flutt í síma Torfhildar.

8. Heilsuefning innan EBAK. Margar nefndir innan félagsins sjá um heilsuefningu. Hugmynd hefur komið fram um að hafa alla þessa starfsemi undir einum hatti. Einnig hefur komið upp hugmynd um að stofna sérstakt íþróttafélag á vegum félagsins með aðgangi að ÍBA og ÍSÍ. 25. október verður kynning frá blaksambandi Íslands á ringó sem er afbrigði af blaki. Friðrik Vagn er með umsjón fyrir hönd EBAK.

9. Skriðsundnámskeið. Stefnt að halda skriðsundsnámskeið í vetur. Halldór Gunnarsson og Anna Hermannsdóttir sáu um þessi námskeið fyrir tveimur árum.

10. Mál til kynningar.

- a. Áratugur heilbrigðrar öldrunar S.Þ. 2021-2030.
- b. Kynningarfundur á vetrarstarfi. Haldinn verður árlegur kynningarfundur á vetrarstarfi verður þar sem haustbæklingurinn verður kynntur.
- c. Fundur með stjórn og nefndum EBAK. Stefnt að fundi kringum mánaðarmótin september október.
- d. Almennur félagsfundur. Fundur með notendum starfsins og fengnar hugmyndir um starfið og gæti verið grunnur fyrir notendaráð.
- e. Heimasíða Akureyrarbæjar. Byrjað að breyta heimasíðu Akureyrar bæjar til að auðvelda aðgengi.
- f. Vinna við aðgerðaáætlun. Samráðshópur að gerð aðgerðaráætlanar er að störfum.
- g. Árlegur fundur stjórnar EBAK með forstöðumanni og sviðsstjóra á að verða í október.
- h. Stjórnsýslubreytingar Akureyrarbæjar. Samfélagssvið verður lagt niður og málefni þess fellt undir Fræðslu og Lýðheilsusviðs.

11. Önnur mál. Engin önnur mál.

12. Fundarslit. kl. 17:25.

Garðar Lárusson ritaði fundargerð.